



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagur, 14. apríl, 2008

Ákvörðun nr. 20/2008

Ósk um undanþágu frá ákvæði samkeppnislaga um bann við samstarfi keppinauta vegna samstarfs viðskiptabankanna í gegnum Frumtak GP ehf. og Frumtak slhf.

I.

Málavextir og málsmeðferð

1.

Samkeppniseftirlitinu barst erindi dagsett 3. september 2007 frá samstarfsaðilum innan Frumtaks, þ.e. Frumtaks GP ehf. og Frumtaks slhf., þar sem óskað er eftir því að samstarf viðskiptabankanna Glitnis banka hf., Kaupþings banka hf. og Landsbanka Íslands hf. um áhættufjárfestingar í sprotafyrirtækjum í gegnum samlagshlutafélagið Frumtak verði veitt undanþága frá bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 á grundvelli 15. gr. samkeppnislaga.

Í erindinu kemur fram að í samræmi við heimildir sínar í lögum nr. 61/1997 um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins, sbr. einnig lög nr. 133/2005 um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf., hyggist Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins stofna samlagssjóð til þess að standa að áhættufjárfestingum í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Samkvæmt 5. gr. laga nr. 133/2005 skal Nýsköpunarsjóður fá samtals 1.500 milljónir króna viðbótarframlag á árunum 2007 - 2009 til að standa undir hlutdeild sinni í stofnun nýrra samlagssjóða með lífeyrissjóðum og öðrum fjárfestum í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum, enda nemi eignarhlutur annarra en Nýsköpunarsjóðs í slíkum sjóði a.m.k. 50%. Í samræmi við forsendur fyrrnefnds lagaákvæðis leitaði Nýsköpunarsjóður til viðskiptabankanna Glitnis banka hf., Kaupþings banka hf. og Landsbanka Íslands hf. auk nokkurra helstu lífeyrissjóða landsins, um þátttöku í verkefninu. Samkvæmt erindi samstarfsaðilanna hafa sex lífeyrissjóðir, auk viðskiptabankanna þriggja, fallist á þátttöku í samstarfsverkefninu með ríkinu og Nýsköpunarsjóði, þannig að bankarnir, lífeyrissjóðirnir og Nýsköpunarsjóður leggi fram um það bil þriðjung hver.

Í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 133/2005 um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. kemur fram að með stofnun Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins í ársbyrjun 1998 hafi verið ætlað að fylgja eftir álitlegum rannsóknarniðurstöðum áfram í sprota- og nýsköpunarfyrirtæki. Þar kemur einnig fram að vegna stöðu sinnar hafi sjóðurinn aðallega beint kröftum sínum að því að verja þær fjárfestingar sem hann hafi þegar ráðist í. Af þeim ástæðum fékk Nýsköpunarsjóður fyrrnefnt viðbótarframlag til að standa undir hlutdeild sinni í



stofnun samlagssjóða Nýsköpunarsjóðs, lífeyrissjóða og annarra fjárfesta í sprotafyrirtækjum, sbr. 5. gr. laga nr. 133/2005 og 7. gr. laga nr. 53/2007 um breytingu á lögum um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins.

Í erindi samstarfsaðila Frumtaks kemur fram að með stofnun samlagssjóðsins sé ætlað að bæta úr bágu framboði á fjármagni til nýsköpunar- og sprotafyrirtækja og efla þar með nýsköpun og framfarir í íslensku viðskipta- og atvinnulífi. Með samstarfinu í gegnum stofnun samlagssjóðsins sé því vonast til þess að eftirspurn sem skapast hafi eftir áhættufjármagni til sprotafyrirtækja verði svarað, líkt og tilgangurinn var með lögum nr. 133/2005. Um samlagssjóðinn verði búið með þeim hætti að stofnað verði félagið Frumtak GP ehf., sem hefur þann tilgang helstan samkvæmt samþykktum sínum að reka samlagshlutafélagið Frumtak sem fjárfestir í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Hlutfé félagsins er 10.000.000 krónur og stofnendur og eigendur þess eru Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, Glitnir banki hf., Kaupþing banki hf. og Landsbanki Íslands hf. Fulltrúar eigenda félagsins munu skipa stjórn Frumtaks GP ehf. Með stjórn og framkvæmdastjórn samlagshlutafélagsins fara síðan sömu aðilar og skipa stjórn Frumtaks GP ehf. hverju sinni. Frumtak GP ehf. er ábyrgt fyrir að leita og kanna áreiðanleika nýrra fjárfestinga, meta, hafa eftirlit og eftirfylgni með og sjá um upplausn eigna Frumtaks slhf., auk þess að sjá um daglegan rekstur og stjórnun þess. Frumtak GP ehf. og þeir sem að því félagi standa lofa að fjárfesta í Frumtaki slhf. fyrir minnst þrjá milljarða króna. Þar af leggur Nýsköpunarsjóður fram 1.500 milljónir króna í samræmi við framlag til sjóðsins samkvæmt lögum nr. 133/2005 um ráðstöfun á söluandvirði Landssíma Íslands hf. Bankarnir þrír munu síðan hver um sig leggja fram 500 milljónir króna. Þá leggja sex lífeyrissjóðir einnig til verkefnisins en samtals eru framlög í sjóðinn að fjárhæð 4.560 milljónir króna.

Í þeirri mynd sem samlagssjóðurinn er settur fram felur hann á vissan hátt í sér samstarf viðskiptabankanna um áhættufjárfestingar í sprotafyrirtækjum og kann því að falla undir bannreglu 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005. Með vísan til framangreinds óskuðu samstarfsaðilar eftir því að Samkeppniseftirlitið veitti starfrækslu fyrrnefnds samlagssjóðs undanþágu á grundvelli ákvæðis 15. gr. samkeppnislaga.

2.

Með bréfi dags. 16. október 2007 óskaði Samkeppniseftirlitið eftir frekari upplýsingum varðandi ákveðin atriði í erindi samstarfsaðila innan Frumtaks. Bréf barst frá samstarfsaðilum þann 26. október 2007 þar sem nánari upplýsingar voru veittar.

Þann 20. desember 2007 boðaði Samkeppniseftirlitið fulltrúa samstarfsaðilanna á fund þar sem Samkeppniseftirlitið lét í ljós þá skoðun sína að ekki væri fullsýnt að samstarfið hefði ekki hamlandi áhrif á samkeppni. Þá var farið yfir þann möguleika að veita umbeðna undanþágu með skilyrðum. Þann 9. janúar 2008 barst Samkeppniseftirlitinu minnisblað vegna undanþágubeiðni Frumtaks þar sem settar voru fram tillögur Frumtaks að skilyrðum undanþágunnar.



Þann 4. apríl 2008 barst Samkeppniseftirlitinu minnisblað þar sem sett voru fram sjónarmið samstarfsaðila Frumtaks vegna skilyrðanna og lagðar fram breytingartillögur.

II. Niðurstaða

1.

Ákvæði 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og samstarf bankanna

Í máli þessu óska samstarfsaðilar innan Frumtaks¹ eftir því að samstarfi viðskiptabankanna um áhættufjárfestingar í sprotafyrirtækjum í gegnum félagið Frumtak verði veitt undanþága frá 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 á grundvelli ákvæðis 15. gr. samkeppnislaga.

Samkvæmt 10. gr. samkeppnislaga eru allir samningar og samþykktir milli fyrirtækja, hvort heldur þær eru bindandi eða leiðbeinandi, og samstilltar aðgerðir sem hafa að markmiði eða af þeim leiðir að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað, bannaðar.

Í ljósi þess að í fyrirhuguðu samstarfi felst samstarf viðskiptabankanna Glitnis banka hf., Kaupþings banka hf. og Landsbanka Íslands hf., sem eru keppinautar á bankamarkaði, er nauðsynlegt að kanna hvort samstarfið fari gegn 10. gr. samkeppnislaga.

Kemur þá fyrst til skoðunar hvort að fyrir liggja samningar á milli viðskiptabankanna um áhættufjárfestingar í sprotafyrirtækjum í gegnum samlagshlutafélagið Frumtak og samstarf þeirra í gegnum Frumtak GP ehf. Samkeppniseftirlitinu hafa borist samþykktir beggja félaganna en auk þess koma fram í undanþágubeiðni samstarfsaðila Frumtaks upplýsingar um fyrirhugað samstarf bankanna. Þá ber að hafa í huga að hugtakið „samningur“ í skilningi samkeppnislaga hefur verið skilgreint rúmt og getur hvers konar samstarf fallið undir hugtakið.² Að mati Samkeppniseftirlitsins felst í samstarfinu samningur í skilningi 10. gr. samkeppnislaga.

Í annan stað þarf að leggja á það mat hvort umræddur samningur sé samkeppnishamlandi í skilningi 10. gr. samkeppnislaga. Af erindi samstarfsaðila Frumtaks verður ráðið að samstarfið hafi það ekki að markmiði að hamla samkeppni í skilningi samkeppnislaga. Þetta má einnig ráða með tilliti til forsögu málsins. Að framangreindu virtu telur Samkeppniseftirlitið ljóst að fyrirhugað samstarf bankanna í gegnum Frumtak hafi það ekki að markmiði að raska samkeppni og falli því ekki undir bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga hvað það skilyrði varðar. Verður því að staðreyna hvort samstarfið geti haft þau áhrif að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað.

¹ Með Frumtaki er átt við bæði Frumtak GP ehf. og Frumtak slhf.

² Sjá t.d. Whish, R. *Competition Law*. LexisNexis UK. 2003. Sjá bls. 91 og áfram.



2.

Markaðurinn

Þrátt fyrir að láréttir samstarfssamningar geti leitt af sér jákvæð efnahagsleg áhrif geta slíkir samningar einnig leitt af sér samkeppnisleg vandamál. Slíkt getur átt sér stað þegar aðilar að samstarfssamningi hafa með sér verðsamráð, skipta mörkuðum eða ef samstarfið gerir aðilum það kleift að öðlast, viðhalda eða auka markaðsyfirræð og þar með að valda neikvæðum áhrifum á markaðinn svo sem með neikvæðum áhrifum á verð, framleiðslu, nýsköpun eða úrval og gæði vara. Til að meta hvort samstarf geti haft slíkt neikvæð áhrif verður að skoða eðli samstarfsins og samanlagða markaðshlutdeild samstarfsaðilanna.³

Samkeppniseftirlitið telur að við ákvörðun markaðar í málinu verði að líta til þess að eðli þeirrar starfsemi sem felst í samstarfi bankanna í gegnum Frumtak, þ.e. áhættufjárfestingar í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum, er svo nátengd starfsemi bankanna að erfitt er að segja að um sérstakan markað sé að ræða. Um er að ræða fjárfestingarstarfsemi sem þó má skilgreina sem tímabundið fjárfestingarlán enda er það tilgangur Frumtaks að fjárfesta tímabundið í ákveðnum fyrirtækjum með arðsemismarkmið að leiðarljósi.⁴ Þetta má m.a. styðja með þeim rökum að notendur viðkomandi þjónustu, þ.e. stofnendur nýsköpunar- og sprotafyrirtækja, geta leitað fjármagns til bankanna eftir öðrum leiðum sem telja má jafngilda eða hliðstæða þjónustu.

Í erindi samstarfsaðilanna kemur fram að þeir telji sig ekki hafa verið keppinauta á markaði fyrir áhættufjármagn til sprota- og nýsköpunarfyrirtækja undanfarin ár. Þrátt fyrir að markaður fyrir áhættufjármagn til sprota- og nýsköpunarfyrirtækja væri skilgreindur sem sérstakur markaður er almennt viðurkennt í samkeppnisrétti að samstarf fyrirtækja á ákveðnum markaði geti haft áhrif á aðra markaði en þá sem samstarfsfyrirtækin starfa á.⁵

Á það ber að líta að í máli þessu hafa viðskiptankarnir þrír, sem starfa að meginstefnu til á sömu mörkuðum og hafa sameiginlega yfirburðastöðu á almennum bankamarkaði,⁶ ákveðið að koma að sameiginlegri starfsemi sem er nátengd þeim mörkuðum sem þeir starfa á. Viðskiptabankarnir þrír eru hver um sig öflug fyrirtæki sem hvert um sig hefði hæglega getað rekið sjóð til þess að standa undir áhættufjárfestingum í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum. Þess í stað hafa þeir ákveðið í samstarfi við Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og sex lífeyrissjóða að stofna einn samlagssjóð í þeim tilgangi að standa að slíkum fjárfestingum. Markmið sjóðsins er að ávaxta innborgað fé með fjárfestingum í nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum sem eiga verulega vaxtarmöguleika. Þrátt fyrir að jákvæð efnahagsleg áhrif geti orðið af samstarfinu, svo sem þau að deila áhættu og þekkingu og að hvetja til nýsköpunar og framfara, líkt og samstarfsaðilar Frumtaks hafa leitt rök að, verður ekki litið fram hjá því að hér er um að ræða

³ Sjá t.d. leiðbeiningar framkvæmdastjórnar EB frá 6. Janúar 2001 um lárétt samstarf fyrirtækja: *Commission Notice – Guidelines on the applicability of Article 81 of the EC Treaty to horizontal cooperation agreements*. OJ C 003, bls. 2-30.

⁴ Um skilgreiningu á mörkuðum í fjármálaþjónustu vísast m.a. til álits samkeppnisráðs nr. 8/2000

⁵ Sjá t.d. Faull & Nickpay. *The EC Law of Competition*. Oxford University Press. 2007 (2. útg.). Sjá bls. 409 og áfram.

⁶ Sbr. skýrslu norrænna samkeppnisyfirvalda frá ágút 2006, *Competition in Nordic Retail Banking*.



samstarf þriggja stærstu viðskiptabanka á Íslandi. Samkvæmt framansögðu telur Samkeppniseftirlitið að samstarfið geti mögulega leitt af sér neikvæð áhrif á samkeppni.

Að ofangreindu virtu er það mat Samkeppniseftirlitsins að samstarf bankanna sé til þess fallið að raska samkeppni. Kemur því til skoðunar hvort fyrirhugað samstarf uppfylli skilyrði 15. gr. samkeppnislaga fyrir undanþágu frá ákvæði 10. gr. laganna.

3.

Undanþáguheimild 15. gr. samkeppnislaga

Í erindi samstarfsaðila Frumtaks er þess farið á leit að Samkeppniseftirlitið veiti starfrækslu fyrrnefnds samlagssjóðs undanþágu á grundvelli ákvæðis 15. gr. samkeppnislaga. Í erindinu eru jafnframt leidd fram rök fyrir því að Samkeppniseftirlitið veiti slíka undanþágu. Eins og að ofan greinir óskaði Samkeppniseftirlitið frekari upplýsinga til þess að hægt væri að leggja mat á beiðni samstarfsaðilanna um undanþágu. Frekari upplýsingar bárust með bréfi frá samstarfsaðilum Frumtaks dagsett 26. október 2007.

Skilyrði 15. gr. samkeppnislaga fyrir því að Samkeppniseftirlitið geti veitt undanþágu frá bannákvæðum 10. og 12. gr. laganna eru þau að „*samningar, samþykktir, samstilltar aðgerðir eða ákvarðanir skv. 10. og 12. gr. :*

- a. stuðli að bættri framleiðslu eða dreifingu á vöru eða þjónustu eða efling tæknilegar og efnahagslegar framfarir,*
- b. veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í ávinningi sem af þeim hlýst,*
- c. leggi ekki höft á hlutaðeigandi fyrirtæki sem óþörf eru til að settum markmiðum verði náð og*
- d. veiti fyrirtækjunum ekki færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna eða þjónustunnar sem um er að ræða.”*

Öll skilyrði ákvæðisins verða að vera uppfyllt svo að til greina komi að veita undanþágu samkvæmt ákvæðinu.

Tilgangur löggjafans með 5. gr. laga nr. 133/2005 var eins og fram kemur í greinargerð með frumvarpi til þeirra laga að fylgja eftir þeim markmiðum stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar að styrkja rannsókn- og þróunarstarf, m.a. með því að auðvelda fyrirtækjum að leggja fé til þess og örva þannig frumkvöðlastarfsemi. Var þetta nánar gert með því að setja fram ákvæði þess efnis að Nýsköpunarsjóður fengi 1.500 millj. kr. viðbótarframlag á árunum 2007-2009 til að standa undir hlutdeild sinni í stofnun samlagssjóða Nýsköpunarsjóðs, lífeyrissjóða og annarra fjárfesta í sprotafyrirtækjum. Ákvæðið er háð því skilyrði að eignarhlutur annarra fjárfesta nemi a.m.k. 50%. Með ákvæðinu er því ætlunin að efla starf Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins sem hefur ekki lengur bolmagn til nýfjárfestinga líkt og fyrr segir. Má því segja að umrætt samstarf geri það að verkum að fyrrnefnt fjármagn sé í boði líkt og löggjafinn ætlaðist til með ákvæðum laga nr. 133/2005. Samstarfið innan Frumtaks getur þannig eflt



tæknilegar og efnahagslegar framfarir. Jafnframt má segja að samstarfið veiti neytendum sanngjarna hlutdeild í þeim ávinningi sem af hlýst enda verður meira fjármagn í boði fyrir þau sprotafyrirtæki sem sækjast eftir áhættufjármagni í rekstur sinn. Að framangreindu virtu verða skilyrði a. og b. liðar 15. gr. talin uppfyllt.

Markmið með fyrirhuguðu samstarfi viðskiptabankanna ásamt Nýsköpunarsjóði atvinnulífsins og lífeyrissjóðum er að stuðla að því að aukið fjármagn sé í boði fyrir nýsköpunar- og sprotafyrirtæki. Miðað við gögn málsins fæst ekki séð að fyrirhugað samstarf leggi frekari höft á samstarfsaðila en þau sem nauðsynleg eru til að markmiðum samstarfsins verði náð. Þá ber einnig að hafa í huga að um er að ræða tímabundið samstarf viðskiptabankanna. Að framangreindu virtu verður skilyrði c. liðar 15. gr. talið uppfyllt.

Hvað varðar skilyrði d. liðar áréttar Samkeppniseftirlitið að íslenskur bankamarkaður er fákeppnismarkaður þar sem bankar og sparisjóðir starfa að meginstefnu til á sömu mörkuðunum og njóta þar yfirburðarstöðu.⁷ Á slíkum fákeppnismarkaði er nánast hvers konar viðskiptalegt samstarf keppinauta til þess fallið að raska samkeppni.⁸ Þrátt fyrir að samstarfinu sé eingöngu ætlað að ná til umrædds samlagssjóðs, með hlutverk sem er afmarkað við tímabundnar áhættufjárfestingar í sprotafyrirtækjum, getur slíkt samstarf haft áhrif á aðra markaði og m.a. leitt til markaðsskiptingar að samstarfinu loknu. Samkeppniseftirlitið telur þó að skilyrði d. liðar verði uppfyllt með ákveðnum skilyrðum sem greint er frá hér að neðan og samstarfsaðilar hafa samþykkt að gangast undir.

Með vísan til ofangreinds telur Samkeppniseftirlitið að skilyrðum 15. gr. samkeppnislaga sé fullnægt og að fyrir hendi séu forsendur fyrir því að veita undanþágu frá bannákvæði 10. gr. laganna á grundvelli 15. gr. með ákveðnum skilyrðum sem greint er frá hér að neðan. Skilyrðum þessum er meðal annars ætlað að girða fyrir að af samvinnu viðskiptabankanna í gegnum Frumtak leiði frekara samráð milli viðskiptabankanna sem falist getur meðal annars í markaðsskiptingu eða því að skuldbinda þá aðila, sem Frumtak fjárfestir í, um frekari viðskipti eða aðrar viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna. Verður umbeðin undanþága samstarfsaðila Frumtaks um samstarf viðskiptabankanna í gegnum Frumtak því veitt með neðangreindum skilyrðum.

⁷ Sjá t.d. ákvörðun samkeppnisráðs í máli nr. 50/2006. *Erindi Auðkennis hf. vegna samstarfs banka og sparisjóða um uppsetningu nýs öryggisbúnaðar.*

⁸ Sjá t.d. dóm undirréttar EB í máli nr. T-141/94 *Thyssen Stahl AG v. Commission* [1999] 4 CMLR 810: „As regards the structure of the market, the Court finds that, in 1989, 10 of the undertakings engaged in the Poutrelles Committee monitoring accounted for two-thirds of apparent consumption. Given such an oligopolistic market structure, which can reduce competition ipso facto, it is all the more necessary to protect the decision-making independence of undertakings as well as residual competition.“ Sjá einnig t.d. Ross, *Principles of Antitrust Law*, bls. 189: „[T]he exchange of almost any information can significantly facilitate price agreements in an oligopolistic industry prone to collusion.“



Ákvörðunarorð:

„Samstarf viðskiptabankanna Glitnis banka hf., Kaupþings banka hf. og Landsbanka Íslands hf. um áhættufjárfestingar í sprotafyrirtækjum í gegnum samlagshlutafélagið Frumtak brýtur í bága við 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2004. Með heimild í 15. gr. samkeppnislaga veitir Samkeppniseftirlitið samstarfi bankanna undanþágu frá ákvæðum 10. gr. samkeppnislaga að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- 1. Stjórn samlagshlutafélagsins Frumtaks skal þannig skipuð að fulltrúar viðskiptabankanna nái þar ekki meirihluta. Stjórnarmenn skulu vera samtals sjö, þar af tilnefna viðskiptabankarnir þrjá menn, Nýsköpunarsjóður tvo menn og lífeyrissjóðirnir sem koma að samlagssjóðnum skulu tilnefna tvo menn.**
- 2. Fulltrúar viðskiptabankanna í stjórn Frumtaks skulu ekki vera meðal starfsmanna eða stjórnarmanna eða meðal starfsmanna og stjórnarmanna félaga undir beinum eða óbeinum yfirráðum viðskiptabankanna sem starfa í þeim viðskiptaeiningum sem fara með áhættufjárfestingar í sprotta- og nýsköpunarfyrirtækjum og lánaviðskipti slíkra fyrirtækja eða taka eða ákvarðanir um slíkar fjárfestingar og lánaviðskipti.**
- 3. Samstarfsaðilum innan Frumtaks er óheimilt að nota upplýsingar sem fulltrúar þeirra í stjórn Frumtaks búa yfir vegna samstarfsins í gegnum Frumtak í öðrum viðskiptum sínum. Fulltrúar samstarfsaðila innan sjóðsins skulu heita fullum trúnaði og skal þess og gætt að viðskiptaleyndarmál og viðkvæmar upplýsingar sem varða viðskipti og önnur mál Frumtaks berist ekki til samstarfsaðila innan Frumtaks.**
- 4. Viðskiptabönkunum, Glitni banka hf., Kaupþing banka hf. og Landsbanka Íslands hf. er óheimilt að hafa með sér hvers konar samvinnu eða grípa til samstilltra aðgerða um viðskiptamál eða fjárfestingar að undanskilinni þeirri samvinnu sem felst í rekstri samlagssjóðs í gegnum félagið Frumtak. Í þessu felst meðal annars bann við samvinnu og samstilltum aðgerðum sem lúta að fjárfestingum hvers konar, lánaviðskiptum, viðskiptakjörum, eðli þjónustu og þjónustuframboði.**
- 5. Viðskiptabönkunum er óheimilt að binda verkefni skilyrðum um viðskipti eða lántökur í bönkunum þegar Frumtak gefur loforð um fjármögnun eða við útgöngu samlagssjóðsins út úr fjárfestingarverkefnum.**
- 6. Skilyrði ákvörðunar þessarar taka til samstarfsaðila innan Frumtaks.**



7. Brot á þessum skilyrðum varða viðurlögum samkvæmt IX. kafla samkeppnislaga nr. 44/2005.

Samkeppniseftirlitið áskilur sér þann rétt að geta hvenær sem er óskað upplýsinga vegna veittrar undanþágu.

Undanþágan er bundin við sama tíma og gildistíma samnings aðila.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson